

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Breiðumýrarholt, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 13. apríl 2023, tillögu að deiliskipulagi, sem tekur til tveggja 6,4 ha landspildna í landi Breiðumýrarholts, L194764 og L194765. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að á hvorri spildu verði byggingarmagn fyrir íbúðarhús allt að 250 m<sup>2</sup>, bílskúr allt að 70 m<sup>2</sup>, gestahús allt að 150 m<sup>2</sup>, hesthús/skemmu allt að 500 m<sup>2</sup> og skemmu allt að 1.500 m<sup>2</sup>. Svæðið er í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 skilgreint sem landbúnaðarland. Aðkoma að svæðinu er af Holtsvegi og norður Mýrarveg.

Ofangreind skipulagstillaga hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 5. júlí 2023.*

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023